

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 21. júní kl. 09:18, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 733.  
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs.  
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Margrét Þormar, Jón Kjartan Ágústsson,  
Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson,  
Guðlaug Erna Jónsdóttir Ingvar Jón Bates Gíslason og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

## Þetta gerðist:

1. **Garðastræti 14, Rishæð - stækkun og kvistir.** (01.136.308) Mál nr. BN055958  
Skjalnr. 13822

Guðrún Jónasdóttir, Garðastræti 14, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja rishæð með kvistum á þrjá vegu og gera þar sjálfstæða íbúð í húsi á lóð nr. 14 við Garðastræti. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 16. maí 2019 til og með 13. júní 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Gestur Ólafsson dags. 11. júní 2019 og Lilja Valdimarsdóttir og Pálmi Guðmundsson dags. 13. júní 2019. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 11. mars 2019 og 2. apríl 2019, einnig afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2019 og samþykki meðeigenda dags. 25. mars 2019 og 22. mars 2019. Stækkun: 110,2 ferm., 33,7 rúmm. Gjald: kr. 11.200

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

2. **Héðinsgata 8, breyting á deiliskipulagi, búsetuúrræði Velferðarsviðs - smáhýsi** Mál nr. SN180859  
Skjalnr.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts til að koma fyrir 1-5 ca. 30m<sup>2</sup> smáhýsum fyrir skjólstæðinga Velferðarsviðs Reykjavíkur /Félagsbústaða. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri lóð Héðinsgata 8 fyrir smáhýsin, á núverandi bílastæði á borgarlandi, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 12. desember 2018. Einnig er lögð fram umsögn Faxaflóahafna sf. dags. 2. janúar 2019. Tillagan var auglýst frá 28. janúar 2019 til og með 11. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Örn Helgason f.h. Héðinsgötu 10 ehf. dags. 5. mars 2019, Kristján Sveinlaugsson f.h. Þingvangs dags. 11. mars 2019, Arnar Þór Ólafsson dags. 11. mars 2019, Stella Guðrún Arnarsdóttir mótt. 11. mars 2019, Ólafur H. Ólafsson f.h. Spörvar Líknarfélag Reykjavíkur mótt. 11. mars 2019, Aron Örn Jakobsson mótt. 11. mars 2019, Kristinn A. Kristinsson mótt. 11. mars 2019, Haraldur Guðnason mótt. 11. mars 2019, Karítas Ósk Þorsteinsdóttir f.h. Alanó Klúbbinn mótt. 11. mars 2019, Ólafur Þórir Guðjónsson mótt. 11. mars 2019, Sigurður Ólafsson mótt. 11. mars 2019, Sigurður Konráðsson mótt. 11. mars 2019, Hrefna Rán mótt. 11. mars 2019, Sigurður Þór Þórsson mótt. 11. mars 2019 og Ásta Björg Jörundar mótt. 11. mars 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. mars 2019 og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

3. **Höfðabakki 5, breyting á deiliskipulagi** (04.070.0) Mál nr. SN190369  
Skjalnr. 6277  
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða - Eystri vegna lóðarinnar nr. 5 við Höfðabakka. Í breytingunni felst að koma fyrir fimm smáhýsum á lóðinni en Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Ekki er gert ráð fyrir að búseta sé varanleg notkun á lóðinni. Við breytinguna minnkar nýtingarhlutfall lóðarinnar og byggingareitur færist, samkvæmt uppdr. teiknistofunnar Stika ehf. dags. 13. júní 2019.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
4. **Skólavörðustígur 16, breyting á deiliskipulagi** (01.181.0) Mál nr. SN190211  
Skjalnr. 9503  
671006-0540 Skólavörðustígur 16, húsfélag, Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. apríl 2019 var lögð fram umsókn Kristjáns Bjarnasonar dags. 26. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.0 vegna lóðarinnar nr. 16 við Skólavörðustíg. Í breytingunni felst að porti suðvestan til í húsinu er lokað að hluta og komið fyrir flóttastiga. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar, samkvæmt uppdr. Arkitektastofunnar Austurvöllur ehf. dags. 2. febrúar 2019 br. 20. apríl 2019. Einnig er lagt fram samþykki hluta meðlóðarhafa dags. 28. desember 2017. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Óðinsgötu 1, Skólavörðustíg 16a.*
5. **Flólagata 7, (fsp) bílskúr** Mál nr. SN190340  
Skjalnr. 14143  
Ágústa Guðmunda Guðrúnardóttir, Flólagata 7, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júní 2019 var lögð fram fyrirspurn Ágústu Guðmundu Guðrúnardóttur dags. 31. maí 2019 um byggingu bílskúrs á lóð nr. 7 við Flólagötu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. júní 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. júní 2019.*
6. **Bleikargróf 15, (fsp) stækkun á byggingarreit** (01.889.3) Mál nr. SN190282  
Skjalnr. 12291  
Ólafur Jarl Einarsson, Bleikargróf 15, 108 Reykjavík  
Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Magnúsar Jenssonar dags. 10. maí 2019 ásamt greinargerð dags. 7. maí 2019 um stækkun á byggingarreit lóðarinnar nr. 15 við Bleikargróf til austurs.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
7. **Hverfisgata 14, (fsp) breyting á notkun húss** (01.171.0) Mál nr. SN190344  
Skjalnr. 5988  
600207-0670 Selið Fasteignafélag ehf., Litlakrika 2, 270 Mosfellsbær  
Gunnlaugur Björn Jónsson, Miðtún 1, 460 Tálknafjörður  
Lögð fram fyrirspurn Gunnlaugs Björns Jónssonar dags. 31. maí 2019 ásamt bréfi ódags. um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 14 við Hverfisgötu úr skrifstofuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2019 samþykkt.*

8. **Kamsvegur 29, (fsp) skipting lóðar** (01.384) Mál nr. SN190348  
Skjalnr. 14103  
Hanna Jónsdóttir, Kamsvegur 29, 104 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júní 2019 var lögð fram fyrirspurn Hönnu Jónsdóttur dags. 3. júní 2019 varðandi skiptingu lóðarinnar nr. 29 við Kamsveg.  
*Erindi framsent til embættis byggingarfulltrúa skv. 2. mgr. 7. gr. Stjórnsýslulaga nr. 37/1993.*
9. **Kvisthagi 6, (fsp) hækkun og breytingar á þaki** (01.543.2) Mál nr. SN190367  
Skjalnr. 10768  
Sigurður Karlsson, Kvisthagi 6, 107 Reykjavík  
700118-1340 Tripólí ehf., Klapparstíg 16, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar dags. 13. júní 2019 um hækkun og breytingar á þaki hússins á lóð nr. 6 við Kvisthaga, samkvæmt frumtillögum Tripólí arkitekta dags. 13. júní 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
10. **Bauganes 3A, (fsp) setja kvist og svalir á húsið og breyta fyrirhuguðum bílskúr í vinnustofu** (01.672.0) Mál nr. SN190351  
Skjalnr. 8103  
Guðrún Ruth Viðarsdóttir, Holtsgata 33, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júní 2019 var lögð fram fyrirspurn Guðrúnar R. Viðarsdóttur dags. 5. júní 2019 um að setja kvist á húsið á lóð nr. 3A við Bauganes, setja svalir ofan á geymslu með útgengi frá rishæð og tröppum niður í garð og að breyta fyrirhuguðum bílskúr í vinnustofu með salerni. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2019 samþykkt.*
11. **Hringbraut 24, (fsp) hækkun á þaki og setja kvisti** Mál nr. SN190328  
Skjalnr. 14145  
Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Hringbraut 24, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júní 2019 var lögð fram fyrirspurn Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar dags. 27. maí 2019 um hækkun á þaki hússins á lóð nr. 24 við Hringbraut og setja tvo til þrjá kvisti á þakið. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2019.*
12. **Hringbraut 116, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.138.2) Mál nr. SN190335  
Skjalnr. 12848  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
650117-1230 U22 ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júní 2019 var lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 28. maí 2019 um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 116 við Hringbraut sem felst í að breyta leyfilegum hámarksfjölda íbúða úr 70 íbúðir í 84 íbúðir, inn- og útkeyrsla verði frá Hringbraut, heimilt verði að svalir nái út fyrir byggingarreit/lóðamörk að Hringbraut, göngukvaðir í gegnum lóðina hníkast til og heimilt verði að setja lága hljóðveggi innan lóðar við Sólvallagötu, samkvæmt tillögu Plúsarkitekta ehf. dags. 27. maí 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2019. samþykkt.*

13. **Reitur 1.240.1, Tryggingastofnunarreitir,** (01.240.1) Mál nr. SN190374  
*nýtt deiliskipulag* Skjalnr. 13095  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Lögð fram umsókn skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar dags. 20. júní 2019 um gerð nýs deiliskipulags fyrir reit 1.240.1 sem afmarkast af Grettisgötu, Rauðarárstíg, Njálsgötu og Snorrabraut. Í tillögunni felst uppbygging á lóð nr. 89 við Njálsgötu fyrir leikskóla og þjónustumiðstöð, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssvið dags. 18. júní 2019. Einnig er lögð fram húsakönnun Minjasafns Reykjavíkur frá 2004.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
- Vakin er athygli á að ef til auglýsingar tillögunnar kemur þá þarf að greiða fyrir auglýsingu skv. gr. 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
14. **Sóleyjargata 13, Breikkun glugga efstu hæð.** (01.185.007) Mál nr. BN056125  
Skjalnr. 8210  
Magnús Árni Skúlason, Sóleyjargata 13, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að stækka glugga á vestanverðri þakhæð fjölbýlishúss á lóð nr. 13 við Sóleyjargötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2019. Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15. og 16. apríl 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2019 samþykkt.*
- Samhliða er umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019 dregin til baka..*
15. **Hagasel 23, breyting á deiliskipulagi** (04.937) Mál nr. SN180409  
Skjalnr. 7809  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Seljahverfis vegna lóðarinnar nr. 23 við Hagasel. Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja tveggja hæða íbúðarhús fyrir átta íbúðir, samkvæmt uppdr. Ydda arkitekta ehf. dags. 13. desember 2018. Íbúðirnar falla undir sértæk búsetuúræði Velferðarsviðs og Félagsbústaða. Tillagan var auglýst frá 26. febrúar 2019 til og með 16. apríl 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sóley Jónsdóttir dags. 2. og 23. mars 2019, Berglind Gunnarsdóttir dags. 5. mars 2019, Ólöf Birna Ólafsdóttir dags. 29. mars 2019, Hólmfríður Th. Brynjólfssdóttir og fjölskylda dags. 2. apríl 2019, Eiríkur Fannar Torfason og Bryndís Björnsdóttir dags. 4. apríl 2019, Hildur Jóna Bergþórsdóttir og Hákon Ingi Jörundsson dags. 5. apríl 2019, Gísli Már Gíslason dags. 6. apríl 2019, Bjarni Fritzon dags. 8. apríl 2019, Bergþóra Halldórsdóttir og Jón H. Gunnarsson dags. 8. apríl 2019, Hildur Jóna Bergþórsdóttir dags. 8. apríl 2019, Ólafur Ásgeir Snæbjörnsson dags. 8. apríl 2019, Þóra Dögg Guðmundsdóttir og Finnboði Þorsteinsson dags. 8. apríl 2019, Tómas Hansson dags. 9. apríl 2019, Anna María Valdimarsdóttir og Bjarni Brandsson dags. 12. apríl 2019, 5 stjórnendur skóla í Seljahverfi dags. 13. apríl 2019, Anna María Valdimarsdóttir f.h. Noon ehf dags. 13. apríl 2019, Guðmundur Björnsson og Helga Egilsdóttir dags. 14. apríl 2019, Guðrún Sveinbjörnsdóttir, dags. 14. apríl 2019, Kristján Ólafsson og Ragna Eyjólfssdóttir dags. 14. apríl 2019, Guðmundur Bjarni Harðarson og Rut Hreinsdóttir dags. 14. apríl 2019, Adam Benedikt B. Finnsson dags. 15. apríl 2019, Margrét V. Helgadóttir dags. 15. apríl 2019, Guðmundur Magnús Daðason f.h. stjórnar foreldrafélags Ölduselsskóla dags. 15. apríl 2019, Vilborg Bjarnadóttir dags. 15. apríl 2019, Pétur J. Haraldsson og Guðrún Halldórsdóttir dags. 15. apríl 2019, Margrét Matthíasdóttir dags. 15. apríl 2019, Arnaldur Freyr Birgisson dags. 15. apríl 2019, Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir og Garðar Sigfússon dags. 16. apríl 2019, Ingibjörg Þráinsdóttir dags. 16. apríl 2019, Gestur Þór Gestsson dags. 16. apríl 2019, Inga Dóra Magnúsdóttir, dags. 16. apríl 2019, Ágústa Ýr

Þorbergsdóttir og Parker Graves O'Halloran dags. 16. apríl 2019, Signý Þóra Ólafsdóttir dags. 16. apríl 2019, Ingibjörg Jónsdóttir dags. 16. apríl 2019, Þrándur Ólafsson dags. 16. apríl 2019, Guðmundur Magnús Daðason dags. 16. apríl 2019, Pétur Bolli Jóhannesson og Rut Indriðadóttir dags. 16. apríl 2019, Guðni I. Pálsson og Thelma Magnúsdóttir dags. 16. apríl 2019 og Jón Kristinn Valsson dags. 16. apríl 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

16. **Skriðustekkur 1-7, breyting á deiliskipulagi** (04.616.3) Mál nr. SN190176  
Skjalnr. 13550  
Valdimar Nielsen, Skriðustekkur 5, 109 Reykjavík  
500408-0810 Mannvirkjameistarinn ehf, Laxalind 2, 201 Kópavogur  
Að lokinni grenndarkynningu var lögð fram umsókn Valdimars Nielsen dags. 14. mars 2019 ásamt bréfi Mannvirkjameistarans ehf. dags. 15. apríl 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðarinnar nr. 1-7 við Skriðustekk. Í breytingunni felst að gerður verður nýr byggingarreitur fyrir viðbyggingu við suðurhlíð húss nr. 5 við Skriðustekk. Auk þess verður byggingarreitur fyrir bílgeymslu stækkaður og færður til á lóðinni, samkvæmt uppdr. Mannvirkjameistarans ehf. dags. 10. apríl 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 16. maí 2019 til og með 13. júní 2019. Engar athugasemdir bárust.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*
17. **Fjarðarás 5, breyting á deiliskipulagi** (04.373) Mál nr. SN190184  
Skjalnr. 13346  
Einar Schweitz Ágústsson, Fjarðarás 5, 110 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholt 8, 105 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 19. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Árbæjar - Seláss vegna lóðarinnar nr. 5 við Fjarðarás. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit vegna stækkunar svala og stigapalls á efri hæð hússins samkvæmt uppdr. Arkþings ehf. dags. 28. febrúar 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 17. maí 2019 til og með 14. júní 2019. Engar athugasemdir bárust.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*
18. **Glæsibær 20, Byggja sólstofu** (04.351.508) Mál nr. BN056325  
Skjalnr. 12116  
Ingvar Berndsen, Glæsibær 20, 110 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá embættisafgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja sólstofu við vesturshlíð íbúðahúss og breyta bílskúr í stúdíuíbúð og geymslu á lóð nr. 20 við Glæsibær.  
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir mæliblað 4.351.5 fyrst útgefið 19. september 1964. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
19. **Hólmasund 2, (fsp) útítækjageymsla og** (01.411.1) Mál nr. SN190290  
skorp- og hjólaskýli Skjalnr. 14130  
420369-6979 Brynja, Hússjóður Öryrkjabandal, Hátúni 10c, 105 Reykjavík  
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalags, mótt 8. maí 2019 um að byggja útítækjageymslu og skyggni við aðalinngang (austurhlíð) hússins á lóð nr. 2 við Hólmasund og byggja skorp- og hjólaskýli við lóðarjaðar að Hólmasundi, samkvæmt uppdr. Glámu/Kím dags. 30. apríl 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
20. **Gufunes áfangi 1, Jöfursbás 11, (fsp)** (02.2) Mál nr. SN190352  
breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 7808

560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júní 2019 var lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta ehf. dags. 4. júní 2019 um breytingu á deiliskipulagi Gufuness áfanga 1 vegna lóðarinnar nr. 11 við Jörfursbás sem felst m.a. í stækkun lóðar til suðurs, fjölgun íbúða úr 102 í ca 125, gera minni íbúðir en tilgreint er í gildandi skilmálum, byggðin verði 2-4 hæðir í stað 3-7 hæðir, lækkun á nýtingarhlutfalli úr 1.62 í 1.4 o.fl. samkvæmt tillögu Yrki arkitekta ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júní 2019.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júní 2019 samþykkt.*

21. **Garðastræti 40, (fsp) fjölgun bílastæða** (01.161)

Mál nr. SN190304  
Skjalnr. 14137

710311-0130 101 fasteign ehf., Ármúla 23, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn 101 fasteigna ehf. mótt. 16. maí 2019 um að fjölga bílastæðum á lóð nr. 40 við Garðastræti um þrjú, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2019.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2019.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13.42

Björn Axelsson

Helena Stefánsdóttir